# Stefna og starfsáætlun
## 2014-2018

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

## Hlutverk

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana

## Gildi

Sjálfbærni

## Framtíðarsýn

Skipulagsstofnun er framsækin þekkingar- og stjórnsýslustofnun sem stendur jafnfætis leiðandi systurstofnunum í nágrannalöndum

# Starfsáætlun 2014-2015

## Framsækin þjónusta

- Stunda vandaða stjórnsýslu sem endurspeglar jafnræði, fagmennsku, jákvætt viðmót og skilvirkni
- Veita nýkjörnum sveitarstjórnum kynningu og fræðslu um skipulagsmál og umhverfismat, með sérstakri áherslu á endurskoðun aðalskipulags
- Nýta vefsíðu og samfélagsmiðla og mæta viðskiptavinum á heimavelli
- Vinna tillögu að landsskipulagsstefnu af faglegum styrk og með virku samráði
- Taka virkan þátt í mótun nýs lagaumhverfis um skipulag haf- og strandsvæða og framfylgd Landslagssamnings Evrópu
- Standa fyrir opinni umræðu um stöðu og þróun mats á umhverfisáhrifum í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá innleiðingu löggjafar um mat á umhverfisáhrifum

## Öflug liðsheild

- Viðhalda góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu með virku upplýsingaflæði og umræðum
- Stuðla að vellíðan starfsfólks með samveru og sveigjanlegri starfsmannastefnu
- Stuðla að starfsþróun og símenntun starfsfólks með mótun starfsþróunaráætlunar
- Auka sveigjanleika, frumkvæði og ábyrgð í starfi með verkefnastjórnun og þverfaglegri áherslu
- Móta siðareglur stofnunarinnar um samskipti og samfélagslega ábyrgð

## Skilvirkt vinnulag

- Endurskoða stjórnskipulag til  að auka framsækni, fagmennsku, sveigjanleika og skilvirkni
- Efla gæða- og verkefnastjórnun, tímastjórnun og skilvirkni funda
- Vinna að stöðugum umbótum á verklagi með aðkomu starfsmanna
- Leggja áherslu á árangur og gæði í starfi og meta árangur markvisst
- Styðja við þróun stafræns skipulags og rafrænnar miðlunar

## Ábyrg nýting fjármuna

- Vera innan ramma fjárveitinga og hámarka nýtingu þeirra verðmæta sem stofnuninni er treyst fyrir
- Beita verkefnastjórnun og tímastjórnun til að ráðstafa fé í samræmi við forgangsröðun stofnunarinnar
- Endurskoða og bæta húsnæði stofnunarinnar til að styðja áherslur í starfi
- Nýta skipulagssjóð til að styðja skipulagsgerð sveitarfélaga og nýsköpun og rannsóknir sem bæta grundvöll skipulagsgerðar
- Móta umhverfisstefnu stofnunarinnar

# Framtíðarsýn Skipulagsstofnunar 2014-2018

## ÁRSLOK 2014

### SKILVIRKT VINNULAG

Aukin áhersla er á árangur, sveigjanleika, faglega þróun og verkefnastýringu í störfum stofnunarinnar

Unnið er eftir kynningar- og samráðsáætlun sem er endurskoðuð árlega

Nýkjörnar sveitarstjórnir hafa fengið markvissa kynningu og fræðslu um skipulagsgerð og umhverfismat

Aukin áhersla er á rafræna miðlun upplýsinga og stafræna skipulagsgerð

Tillaga að landsskipulagsstefnu liggur fyrir

Staða og framtíðarþróun mats á umhverfisáhrifum hafa verið skoðuð í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum

## ÁRSLOK 2016

### ÖFLUGT SAMSTARF

Gæða- og verkefnastjórnun hefur verið innleidd og starfsþróunaráætlun er í fullri virkni

Virkt samstarf er við stofnanir, ráðuneyti og hagsmunaaðila hérlendis og systurstofnanir í nágrannalöndum

Framsækið starf er á sviði leiðbeiningagerðar og þekkingarmiðlunar

Verkefnum við innleiðingu landsskipulagsstefnu hefur verið hrint í framkvæmd

Unnið er eftir löggjöf um haf- og strandsvæði og Landslagssamningi Evrópu í samræmi við hlutverk stofnunarinnar

Átaki um skráningu og rafræna miðlun gamalla skipulagsuppdrátta í tilefni 100 ára frá útgáfu „Um skipulag bæja“ er lokið

Staða og framtíðarþróun skipulags og umhverfismats hefur verið skoðuð í tilefni merkra tímamóta í skipulagssögu landsins

## ÁRSLOK 2018

### TIL FYRIRMYNDAR

Framsækin þekkingar- og stjórnsýslustofnun sem einkennist af samvinnu, verkefnastýringu, færni og frumkvæði starfsfólks

Virkt samstarf og skipti á þekkingu og reynslu við innlenda og erlenda aðila um framsækna starfshætti og þróun starfseminnar

Fræðsla og leiðbeiningar eru virkir þættir í þjónustu stofnunarinnar

Stafræn skipulagsgerð hefur verið innleidd og stór skref stigin í átt að rafrænni stjórnsýslu og miðlun

Skipulagsstofnun vinnur að stöðugri framþróun viðfangsefna sinna í samræmi við lögbundin verkefni stofnunarinnar

Mat á stöðu stofnunarinnar í tilefni af 80 ára afmæli hennar 2018

**Skipulagsstofnun**
**Laugavegi 166**
**IS-105 Reykjavík**

Sími 595 4100
Fax 595 4165

www.skipulagsstofnun.is
skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is

UMHVERFISMERKI Prentað efni

Hönnun: Fabrikan auglýsingakontór Prentun: Svansprent